

ÆÐLI LÍFS OG SVEFNIS OG SIGURINN Á DAUÐANUM

I

Fyrir löngu hefi ég leitast við að vekja eftirtekt á því, hversu merkilega kemur fram í máli voru eins og grunur um það, hvers æðlis svefninn er. Á íslensku er talað um svefninn svo sem væri þar um að ræða eitthvað sem streymir í líkamann. Það er svo að orði komist um mann sem sofnar, að honum „renni í brjóst“, eða „renni á hann blundur“. En ég hafði ekki, þegar ég skrifaði um þetta fyrst (sbr. Ennýal s. 212), veitt því eftirtekt, að einnig í forngrísku kemur slíkur grunur fram, þó að óljósari sé. Þannig segir í Ilíonskviðu, II, 19, um Agamemnon: „Peri d’ambrosios kekhyb’ hypnos“. Sveinbjörn Egilsson þýðir þetta þannig: „hafði himneskur svefn breitt sig yfir hann allan“. En ekki er sú þýðing alveg nákvæm, því að „perikekhyto“ þýðir eiginlega ekki: „hafði breitt sig yfir“, heldur: „hafði úthelst (eða runnið) kringum hann“. Kemur þarna fram, eins og í voru máli, sú hugmynd, að svefninn sé eins og eitthvað fljótandi, eitthvað sem geti helst í kringum líkamann, og þá sennilega einnig streymt inn í hann. Og er það óefað rétt. Það má segja, að lífmagnið streymi í mann, líkt og rafmagn getur streymt í hann. En það sem í svefni fer fram, er nokkurskonar magnan, aukning lífsorkunnar og endurnýjun, til að bæta upp þá orkueyðslu sem orðið hefir í vöku. Og svo mikið ríður á því, að sú endurnýjun geti átt sér stað, að ekki einungis maðurinn, heldur einnig dýr eins og hundar, og jafnvel sauðkindur, deyja langtum fyrr, ef þeim er algerlega varnað svefnis, heldur en ef þau eru algerlega svelt. Svefninn þýðir meira fyrir viðhald lífsins, heldur en sú næring sem í munn og maga er látin. Og mjög eftirtektarvert er það,

hversu tilraunir hafa sýnt, að í dýrum, sem höfðu verið svelt, en ekki varnað svefns, hafði heilinn mjög lítið rýrnað; en fengju dýrin hinsvegar nægju sína að éta, en væri algerlega bannað að sofa, þá rýrnaði heilinn til muna, jafnvel þó að dýrin hefðu ekki horast að öðru leyti. Er þessi þýðing svefnsins fyrir viðhald þess efnis, sem heilinn er gerður af, býsna íhugunarverð.

II

Þegar nú er litið á svefninn, — eða, nákvæmar sagt, það sem svefnhvíldin veitir — eins og einhverja tegund orku sem streymir inn í líkamann, verður ennþá fróðlegra að sjá, hvernig Plótínus, einn af ágætustu heimspekingum, lýsir sjálfu lífmagninu (*energeia zóes*) sem því er streymi fram, líkt og lind frá upptökum (*hósper prokhybeisa aute hojon ek peges* (Enn. III, VIII, 10.).

Má hér glöggst skilja, að um sannleik er að ræða, eða eitt-hvað sem er mjög í áttina til sannleiks. Hver greindur maður getur, ef honum er aðeins nógu mikill hugur á að reyna — og málið er þess áhuga vissulega vert — áttað sig á því, að viturlega var að orði komist af forfeðrum vorum, þegar þeir töluðu um svefninn eins og eitthvað sem streymdi í brjóstið; og liggur þá nærri skilningur á því, hvernig aðsteymi þetta sem endurnýjar lífsorkuna, ber með sér efni draumanna, ef svo mætti að orði komast, og leiðir um stund til vitundar-sambands þess hins stórfurðulega, og vitundarskipta, sem gera muninn á vökuvitund og svefnvitund. Gefur oss þar hina furðulegustu víðsýn; því að vér uppgötuvum draumgjafann, og þar með sambandið við íbúa annarra jarðstjarna alheimsins. Er það ekki ofmælt, að þar er hið þýðingarmesta og stórkostlegasta rannsóknarefni, er vér sjáum framá þessa undursamlegu útfærslu mannlegrar meðvitundar og þekkingar.

III

Vér fáum þarna bendingu, sem getur orðið oss hin nauðsynlega hjálp til skilnings á tilgangi, sem afaráríðandi

er að vér þekkjum. En það má segja að sé skilningurinn á tilgangi lífsins. Lífið á að ná tökum á öllum möguleikum tilverunnar. Hinum góðu til að geta komið þeim í framkvæmd; hinum illu til að geta sigrað þá. Og sá skilningur liggur beint við, að ef þetta á að geta tekist, verður allt líf í alheimi að samhæfast og samstillast. Og vitanlega verður þessi samhæfing (harmoní) að geta tekist í hverju einstöku heimkynni lífsins, eins og t. d. á vorri jörð. En þegar vér vitum af lífmagnaninni, og eðli svefns og drauma, gengur oss greiðlega að átta oss á því, að slík samhæfing getur ekki orðið án hjálpar frá æðri lífstöðvum alheimsins, en vor jörð er. En þá hjálp er hinum lengra komnu lífverum ekki unnt að veita, fyrr en einhverju tilteknu þekkingarstigi er náð, sem nú fyrst er verið að komast á hér á jörðu. Er þess nú þegar kostur að gera sér ljóst, að það eru engar ýkjur þegar sagt er, að það séu hin stórkostlegustu tímamót í lífs sögu jarðstjörnu, þegar sambandið við lífið á öðrum jarðstjörnum er uppgötvað, og þá um leið möguleikinn til að koma því í hið nauðsynlega vísindalega horf. Það sem gerist er ekkert minna en það, að þá verður unnt að breyta um frá helstefnu til lífstefnu. Lífmagnanina má, þegar svo er komið, auka og bæta þannig, að unnt verður að lifa án þess að gamlast, þó að aldur færist yfir. Ellihrórnunin verður úr sögunni, og síðan sjálfur dauðinn. Það verður flutst héðan til fullkomnara lífs á annarri stjörnu, án þess að hafa dáið. Framliðnir eru nú þeir kallaðir, sem dáið hafa. En þegar hinn mikli sigur hefir unnist, mun orðið „framliðinn“ ekki frammar þýða: „sá sem dáið er“, heldur „sá sem fluttur er til lífs á annarri stjörnu“, án þess að nokkur dauði komi þar við sögu.

IV

Athuganir hafa verið gerðar, sem eindregið benda í þá átt, að aukin lífmagnan geti orðið til þess að koma í veg fyrir ellihrórnun, eða jafnvel yngja menn upp, þótt teknir séu að gerast gamlaðir. Má nefna dæmi slíks úr sögu eins hins ágætasta manns. Því að svo er sagt, að Emanúel Sweden-

borg hafi farið að yngjast upp, þegar hann var um áttrætt, og ellihrórnun hafði verið farin að gera vart við sig til muna. Nýjar tennur uxu aftur í staðinn fyrir þær sem öldungurinn hafði misst; og mætti þó fleira nefna. Fjör hans og orka jókst. Og það getur ekki verið vafi á því, að þetta verður að setja í samband við óvanalega lífmagnan. Vér fáum að vita, að þessi með fádæmum afkastamikli rithöfundur hafi getað sofið eða mókt þrjá sólarhringa í röð. Og vér höfum það sem virðist óhætt að telja ágæta heimild fyrir því, að augu spekingins hafi á þessum framfaraárum stundum verið lýsandi. („Swedenborgs ögonstenar syntes sásom den klaraste eld“.) En allir hafa veitt því eftirtekt, hve mjög það sést á augum manna, hvort þeir hafa sofið meira eða minna.

Því miður gat ekki orðið framhald af þessari merkilegu yngingu, þannig að hinum mikla speking tækist alveg að hrinda ellinni og verða ungur í annað sinn. Og er orsökina auðsæ hverjum þeim, sem nokkuð er kunnugur magnanarlögmálum þeim, sem hér koma til greina. Menn veittu ekki Swedenborg það fylgi sem hann átti skilið, kunnu ekki að meta þessa stórmerkilegu fræðslu um lífið eftir dauðann, sem hann veitti, langt umfram það sem áður hafði verið gert. Sumir töldu jafnvel vitranir hans höfuðóra eina. Þetta nægði, samkvæmt stillilögmálinu, til þess, að ekki var unnt að koma fram þeirri lífmagnan sem þurft hefði, til þess að gamall maður gæti öðlast aftur orku, fjör og friðleik sem á æskuárum.

Svo óánægður varð Swedenborg vegna þess, að landar hans reyndust honum ekki betur, að hann yfirgaf heimili sitt í Stokkhólmi, og fór til Englands. Og þar dó hann, 1772, 84 gamall. En svo mikið samband hafði hann þó við vitrari verur, sem aðrar stjörnur byggja, að hann gat sagt það fyrir, hvaða dag hann mundi deyja. Og ekki er að vita, hve miklu lengur hann hefði getað lifað, ef menn hefðu kunnað að meta erindi hans nógu vel til þess, að frá æðri stöðum yrði við komið þeirri lífmagnan sem þurfti. Og kemur nú að vísu hér nokkuð til greina, að Swedenborg var ekki kominn alveg á rétta leið. Því að hann trúði til æviloka á anda og anda-

heim, enda var annað ómögulegt, jafnvel manni með afburðaviti hins sænska höfuðsnillings, meðan þekking á náttúrunni var ekki lengra komin en á hans dögum. En þó er sú trú firra ein, sem með öllu er yfirstigin þar sem lífstefnan er komin til valda.

V

Þar sem helstefnan ræður, þar sem það rangmat getur átt sér stað á mönnum og málefnum sem þarf til þess að viðburðarásin geti verið slík sem enn er hér á jörðu, þar er svo hætt við því, að einmitt sá sannleikur, sem mest ríður á að þiggja, sé fyrirlitinn og jafnvel hataður. Og ekki þarf að efa, að hefði ekki Swedenborg verið eins vel settur í sínu þjóðfélagi og var, þá mundi sá hlutinn í hans mikla æviverki, sem einmitt langmest reið á, aldrei hafa unninn verið. Swedenborg var biskupssonur, aðalsmaður, meðlimur Riddarahússins. Hann var vel efnaður, einn af langfrægustu vísindamönnum sænskum sinnar samtíðar, gegndi mörg ár þýðingarmiklu embætti, sem hann sagði þó lausu, þegar hann var rúmlega fimmtugur, til þess að geta, það sem eftir var ævinnar, eingöngu gefið sig við spámannsstarfi sínu. Og framundir 30 ár hugsaði hann ekki um annað en það, og var með ólíkindum afkastamikill rithöfundur, sem mannkynsfræðari. En það er óhætt að segja, að það starf hefði verið ókleift, jafnvel annarri eins andans hetju og Swedenborg var, hefði hann ekki verið þannig settur í þjóðfélaginu sænska, sem nú var sagt. Og mátti þó um eitt leyti engu muna, að hann væri ekki lokaður inni sem vitfiringur. Svo var blindnin mikil, jafnvel hjá hinni stórgáfuðu sænsku þjóð, gagnvart þeim mannum, sem meir hefir lifað þeirri þjóð til sóma en nokkur annar.

Það má geta því nærri, að sá maður muni hafa komist í hann krappan, sem í svo miklu minna þjóðfélagi og við svo miklu lítilfjörlegri ástæður hefir, eins og komast mætti að orði, verið að halda áfram verki Swedenborgs, að svo miklu leyti sem það miðaði til að koma með þekkingu í trúar stað. Og hafa mér nú að vísu ekki hlotnast slíkar vitranir sem

hinum ágæta Svía. En mér hefir auðnast mun framar en honum að koma sumu því sem mest ríður á að vita, til fulls á hina náttúrufræðilegu vísindaleið. Og er þar að vísu á það að líta, að um sumt hafa þó mínar ástæður verið miklu betri. Mikið hefir í vísindum, síðan á Swedenborgs dögum, áunnist sem miðað hefir til aukins andlegs frelsis. Og svo er ekki ólíklegt, að ég hafi frá forfeðrunum erft nokkru meiri hæfileika og tilhneigingu til andlegs frjálsræðis, en annarsstaðar gat orðið, þar sem sú hefir verið tíðin, að Íslendingar voru í því efni öllum þjóðum framar. En til þess að komast á vísindaleiðina í því efni sem hér um ræðir, þarf að hafa slitið af sér bönd rangra sannfæringa á nokkru hærra stigi en áður hefir verið gert. Að öðrum kosti hefði ómögulegt verið að öðlast þá yfirsýn, sem nauðsynleg er til að geta bent á leiðina frá helstefnu til lífstefnu.

Það er miklum erfiðleikum bundið, og ekki síst í eins smáu þjóðfélagi og vort er, að vera ekki neitt. Og ég hefi ekki verið neitt. Eða, eins og öllu réttara væri að segja, aðeins maður, sem hefir varið lífi sínu fyrst og fremst til að leita sannleikans — og kærleikans. Því að án kærleikans verður hinn æðsti sannleikur ekki fundinn. En það kalla ég að hafa fundið það sem að svo komnu er rétt að nefna hinn æðsta sannleik, ef séð er framá, hvernig breyta má frá helstefnu til lífstefnu. En það er þetta, sem mér hefir tekist, þrátt fyrir allt sem til fyrirstöðu hefir verið á erfiðri ævi.

VI

Ég skil glögg, hvernig sigrá mætti elli og dauða. Og þó að þetta muni þykja stór orð, þá er málið í rauninni einfalt, þegar fundin er lífmagnanin, og sum aðalnáttúrulögmál, sem þar koma til greina. En það sem ég veit ekki ennþá, er, hvort þetta sem ég hefi fundið, getur að gagni orðið. Og eru, satt að segja, horfur í því efni heldur óefnilegar. Því að sá sigur verður ekki unninn öðruvísi en með miklu liði. Eða, með öðrum orðum, margir verða að veita því eftirtekt, hvað verið er að segja, og láta sér skiljast, hvers virði það er fyrir sjálfa þá, eða getur orðið, svo að nákvæmlegar sé til orða

tekið. En það er nú einmitt helstefnueinkennið versta, það einkennið, sem erfiðast gerir um að horfið geti orðið af helvegi, að hjá helstefnumannkyni ljá menn lyginni fylgi sitt miklu fremur en sannleikanum, en sannleikurinn er því liðfærri, því meir sem hann miðar til hinnar miklu stefnubreytingar. — Ég hefi ekki getað annað en stórfurðað mig á því stundum, hve jafnvel mönnum sem ég taldi góða kunningja mína, virtist ógeðfellt að hugsa sér, að árangur æviviðleitni minna væri þó sá, að ég hefði fundið einhver mjög þýðingarmikil sannindi. Það var nærri því eins og þeir teldu það einhverja ógæfu fyrir sig, ef svo væri, rétt eins og ég mundi þá fara að gera þeim eitthvað illt. En það er engin lygi, að ég hefi lítið við það fengist um dagana, að reyna til að gera öðrum illt. Og að ég hefi ekki gert meira gott er ekki sakir skorts á vilja, heldur af því, að ástæður hafa ekki verið til þess.

Ég get ekki séð, að neitt af óleyfilegri eigingirni eða hégómlegri fordild sé starfi mínu samfara. Þegar ég á æskuárum mínum sat yfir því að lesa vísindabækur, marga stund sem aðrir notuðu til að vera úti og leika sér, þá var ástæðan engin önnur en sú, að ég hafði mikinn hug á að fræðast. Og þó að starf mitt, í hárri elli, hlyti þá viðurkenningu, að ég gæti, það sem eftir er ævinnar, verið vísindamaður við betri ástæður en áður, þá ætti það ekki, ef menn vildu taka á greind sinni og góðgirni, að geta vakið neina óvild á mér. Það sem ég óska mér er að geta séð miklu meira af þessari merkilegu jörð, sem á, ef vel fer, eftir að verða heimkynni farsælla lífs en nokkur hefir hugsað sér að orðið gæti. Mig langar til að sjá í Ástralíu þessi tré, sem geta orðið 150 metra á hæð, og fast að 100 að þvermáli. Og svo vitanlega „bláu fjöllin“, sem Conan Doyle hefir lýst svo skemmtilega í einni af ferðabókum sínum. Mig langar til að sjá í Brasilíu þessi furðulegu fiðrildi, sem eru sögð vera með því fegursta sem er að sjá í hitabeltinu. Og ekki síst langar mig til að sjá eitthvað af hinum miklu fjallgörðum jarðarinnar, og þá fyrst og fremst frá jarðfræðilegu sjónarmiði.

En það sem mestu varðar er þetta. Rétt mat á verki mínu

mundi hafa það í för með sér, að ég gæti fengið slíkt samband við íbúa stjarnanna, sem Swedenborg hafði, og þó raunar mun betur, þar sem ég veit í þessu efni réttar en hann. Ég er algerlega laus við að vera dulrænumaður, en Swedenborg hélt að hann hefði samband við „engla“ og aðra íbúa „andaheims“, en aðeins að litlum þætti við íbúa stjarnanna.

Sérstakar ástæður þarf til þess, að sambandið við hina fullkomnari íbúa annarra jarðstjarna geti tekist eins vel og nauðsynlegt er, og enginn er í því efni verr farinn en vitringurinn, sem menn fyrir illgirni sakir eða kæruleysis, láta telja sér trú um að sé vitfirringur.

Það getur, og einkum ef innræti er ekki eins gott og þyrfti að vera, þótt ánægjulegt að ímynda sér, að einhver sem hefir um langa ævi verið, við lítinn kost, að leitast við að vera vísindamaður, sé nú í rauninni ekki annað en bjáni, og jafnvel geggjaður. En slíkt getur reynst dýrt gaman.

VII

Enginn getur misskilið mig meir en sá sem héldi, að ég væri í leynum huga míns að óska mér frægðar eitthvað í líkingu við kvikmyndastjörnur, ameríska hnefaleikamenn eða sigursæla herforingja. Það sem ég óska mér er að menn færi sér í nyt þau sannindi sem ég hefi fundið.

Mannkyn vort er á barmi glötunarinnar. Og það er aðeins eitt sem fær bjargað því. Eitthvað það þarf að koma fram, sem getur orðið áhugamál alls mannkyns, komið öllum þjóðum til að leggja fram krafta sína að sama marki. Og að vísu er það áhugamál fundið. Það þarf að skiljast, að ekkert minna en tilvera mannkynsins er undir því komið, að það takist að færa líffræðina út til stjarnanna og koma á sambandi við fullkomnari mannkyn á öðrum jarðstjörnum. Undireins og hinn rétti vilji væri fyrir hendi hér á jörðu, mundi verða miklu auðveldara að veita oss „handanað“ þá hjálp sem nauðsynleg er til að þessu verði komið í kring.

En ef þessu er ekki sinnt, þá mun illa fara. Þá má með vissu segja fyrir hina þriðju heimsstyrjöld, sem ennþá miklu voðalegri mundi verða en sú, sem nú er um garð gengin —

að kallað er. Og telji menn ekki ástæðu til að taka mark á orðum mínum, bið ég þá að íhuga gaumgæfilega, hvernig ég sagði nákvæmlega fyrir aðra heimsstyrjöldina, á nýársdag 1927.

Spár þessar eru til orðnar á vísindalegri hátt en nokkrar spár áður. Það er af því að ég hefi uppgötvað helstefnuna og lögmál hinnar vaxandi hættu á leið helstefnumannkyns, sem ég hefi getað spáð með vísindalegri vissu. Og vonandi er, að enginn láti sér fara eins og maðurinn, sem sagði, að ég skyldi ekki vera með neinar heitingar, þegar ég benti honum á hættu sem var á leið hans, og honum hefði tekist að umflýja, ef hann hefði þegið ráð mín.